**TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/23/ESB** **2014/EES/54/79**

**frá 13. maí 2013**

**um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði fjármálaþjónustu vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu** (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Með hliðsjón af 50. gr. laga um aðild Króatíu, ef þörf er aðlögunar, vegna aðildarinnar, á gerðum sem stofnanirnar samþykktu fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þeim lögum um aðild eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir, ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgera þær og uppfæra, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 73/239/EBE([1]), 2002/83/EB([2]), 2005/68/EB([3]) og 2009/138/EB[4] til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipunum 73/239/EBE, 83/2002/EBE, 2005/68/EB og 2009/138/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 362. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistökudegi hans.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*S. COVENEY*

forseti.

*VIÐAUKI*

1. Í a-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 73/239/EBE bætist eftirfarandi við:

   „— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo", „društvo za uzajamno osiguranje."".

2. Tilskipun 2002/83/EB er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

      „— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo", „društvo za uzajamno osiguranje",",

   b) á eftir fimmta undirlið 3. mgr. 18. gr. bætist eftirfarandi við:

      „—1. júlí 2013 að því er varðar félög með starfsleyfi í Króatíu, og".

3. Í I. viðauka við tilskipun 2005/68/EB bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

   „— í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo."".

4. Tilskipun 2009/138/EB er breytt sem hér segir:

   a) í fyrsta undirlið 5. mgr. 73. gr. bætist eftirfarandi liður við:

      „ea) 1. júlí 2013, að því er varðar félög með starfsleyfi í Króatíu,",

   b) ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

      i. í A-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

         „10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo", „društvo za uzajamno osiguranje."",

      ii. í B-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

         „10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo", „društvo za uzajamno osiguranje."",

      iii. í C-hluta er eftirfarandi lið bætt við:

         „10a) í Lýðveldinu Króatíu: „dioničko društvo."".